

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2017, mánudaginn 15. maí kl. 13.15 var haldinn 245. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1. Fundinn sátu: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Áslaug Friðriksdóttir, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Rakel Óskarsdóttir og Björn Bjarki Þorsteinsson. Einnig tók þátt Bjarni Bjarnason, forstjóri. Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð SF 244 staðfest og undirrituð.
2. Fram fer kynning á þriggja mánaða árshlutauppgjör Orkuveitu samstæðunnar. Samþykkt.

Einnig fer fram kynning á stöðu fjármögnunar OR, og lögð fram áhættuskýrslu.

Lögð fram svohljóðandi tillaga ásamt greinargerð:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir lántöku hjá Norræna fjárfestingabankanum (NIB) að fjárhæð USD 44 milljónum (c.a 4,7 milljarðar, USD/ISK 106,2) og jafnframt heimilar forstjóra eða framkvæmdarstjóra fjármála jafnframt að undirrita öll skjöl sem þessi lántaka tekur til. Lántakan er í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun og háð samþykki og ábyrgð eigenda OR á 80% af lántökunni.

Samþykkt.

Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála, Bryndís María Leifsdóttir, forstöðumaður reikningshalds taka sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Fram kynning á mati á störfum forstjóra. Samþykkt
4. Fram fer kynning á rýni á gæðastefnu og vinna við lykilmælikvarða. Gæðastefna samþykkt.

Kristjana Kjartansdóttir, gæðastjóri og Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Fram fer kynning á ÖHV stefnu og stefnuverkefnum öryggismála. Samþykkt.

Reynir Guðjónsson öryggisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. Lögð fram ákvörðun hluthafafundar ON um að taka tilboði Jarðborana í borútboði. Samþykkt.

7. Fram fer kynning á minnisblaði um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 11. maí 2017.

Hólmfríður Sigurðardóttir umhverfisstjóri, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. Fram fer kynning á umsögn Gagnaveitu Reykjavíkur vegna erindis Símans sem sent var til stjórnarmanna og svör við fyrirspurn RÓ frá SF244. Ritara falið að gera tillögu að svari við erindi Símans til stjórnarmanna og leggja fyrir stjórn.

Erling Freyr Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gagnaveitu Reykjavíkur og Írisi Lind Sæmundsdóttur, lögfræðingur taka sæti á fundinum undir þessum lið.

9. Fram fer kynning á skoðun á innri endurskoðun OR. Einnig lögð fram áætlun um gæðastarf innri endurskoðunar 2017, dags. 15. maí 2017, og umsögn um starfsreglur endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar, dags. 15. maí 2017, sbr. erindi endurskoðunarnefndar, dags. 3. apríl 2017.
Samþykkt að óska eftir fundi með endurskoðunarnefnd um málið.

Danielle Pamela Neben og Guðmundur I. Bergþórsson, innri endurskoðandi taka sæti á fundinum undir þessum lið.

10. Fram fer kynning á skýrslu forstjóra, dags. 11. maí 2017, um starfsemi á milli stjórnarfunda.

11. Fram fer kynning á minnisblaði um forðagæslu, dags. 11. maí 2017, og íslenska djúpbörunarverkefninu.

Hildigunnur H. Thorsteinsson, framkvæmdastjóri Þróunar, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 16.50.

Brynhildur Davíðsdóttir

Áslaug Friðriksdóttir
Sigríður Rut Júlíusdóttir
Björn Bjarki Þorsteinsson

Gylfi Magnússon
Rakel Óskarsdóttir